

Héraðsdómur Austurlands

Dómur 26. maí 2026

Mál nr. E-93/2025:

A

(Hrefna Þórsdóttir lögmaður)

gegn

B ehf. og

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Guðjón Ármannsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. síðasta mánaðar, var höfðað 4. júní 2025 af A, [...], á hendur B ehf., [...], og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5 í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda B ehf. og réttur stefnanda til greiðslu bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu stefnda B ehf. hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. vegna þess líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir í vinnuslysi [...] 2023. Einnig að stefndu verði óskipt dæmdir til greiðslu málskostnaðar eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hennar hendi. Til vara krefjast stefndu þess að bótaskylda verði aðeins viðurkennd að hluta og að málskostnaður falli niður.

I

Samkvæmt tilkynningu sem barst Vinnueftirliti ríkisins [...] 2023 varð stefnandi fyrir vinnuslysi kl. 10:10 degi fyrr þegar hún var við störf fyrir stefnda B ehf. [...]. Lýsingar á slysinu sem eru í meginatriðum efnislega samsvarandi er að finna í fyrirbyggjandi tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands 23. sama mánaðar og í skýrslu stefnda B ehf. 10. næsta mánaðar til stefnda Sjóvár-Almennra trygginga hf., en stefndi B ehf. var á slysdegi með frjálsa ábyrgðartryggingu hjá þeim stefnda. Óumdeilt er að þegar slysið varð vann stefnandi ein við að klippa blikkplötur með klippivél [...]. Setti hún vinstri hönd undir öryggishlíf vélarinnar og krömdu pressuhólkar vísifingur handarinnar þegar hún beitti vélinni. Stefnandi hlaut áverka af og fór vegna þeirra í aðgerð þar sem sagað var af beini fingursins til að laga skemmdir á því og missti því um einn cm af fingrinum. Þá mun ekki vaxa nögl á téðum fingri stefnanda. Fór Vinnueftirlitið á slysstað sama dag og fyrrgreind tilkynning barst því og vann af því tilefni skýrslu sem einnig er á meðal málsögna.

Meðal þess sem fram kemur í fyrrgreindum tilkynningum til Vinnueftirlits ríkisins og Sjúkratrygginga Íslands er að hlíf á klippum hafi verið lækkuð eftir slysið svo ekki væri hægt að koma fingri undir hlífina. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins segir að starfsgrein slasaða sé „[b]likksmiðir, málmsuðumenn (rafsuðumenn) og skyld störf“ en í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands er starfsheiti stefnanda sagt „[b]likksmiður“. Í tilkynningunni til stofnunarinnar greinir líkt og í tilkynningunni til Vinnueftirlits ríkisins að hlíf á klippum hafi verið lækkuð eftir slysið svo ekki væri hægt að koma fingri undir hlífina.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins kom meðal annars fram að við skoðun hafi komið í ljós að starfsfólk hafi getað komist inn á hættusvæði vélarinnar án þess að hún stöðvaðist sem ylli því slyshættu. Þá var í niðurlagi skýrslunnar mælt fyrir um að vélar skyldu vera með viðeigandi búnaði svo þær yllu ekki hættu við notkun og ekki væri hægt að komast inn að óvörðum hlutum véla þegar þær væru í gangi. Var frestur veittur til 15. [...] sama ár. Í skýrslu stofnunarinnar er meðal annars að finna mynd af þeirri vél sem stefnandi slasaði sig á og af hálfu stefnanda hafa myndir af vélinni sem teknar voru í júnímánuði á síðasta ári verið lagðar fyrir dóminn meðal málgagna. Þá er þess og að geta að samkvæmt fyrrgreindri skýrslu stefnda B ehf. til stefnda Sjóvár-Almennra trygginga hf. átti stefnandi ekki sjálf sök á slysinu og ekki urðu sjónarvottar að því. Meðal annars sem greinir í skýrslunni er að orsakir slyssins séu taldar þær að hlíf á vél sé hægt að hæðarstillast. Viðkomandi væri með nettari hendur og hafi því náð að fara með fingur inn fyrir hlíf og að pinnar sem haldi plötunni kyrrri áður en hnífur fari niður hafi farið ofan á fingur og marið hann.

Með bréfi, dags. 10. [...] sama ár, óskaði stefnandi eftir afstöðu stefnda Sjóvár-Almennra trygginga hf. til bótaskyldu úr fyrrgreindri ábyrgðartryggingu. Með tölvupósti [...] 2023 hafnaði tryggingafélagið bótaskyldu með vísan til þess að ósannað væri að slysið mætti rekja til saknæmrar háttsemi stefnda B ehf. eða annarra atvika sem sá stefndi bæri skaðabótaábyrgð á. Stefnandi skaut þeirri ákvörðun til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum, sem í úrskurði [...] komst að þeirri niðurstöðu að stefnandi ætti ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni. Í forsendum úrskurðarins var öðrum þræði tiltekið að í skriflegu áhættumati vegna starfa við vélina komi fram að halda verði hæfilegri fjarlægð frá vél þegar klippt sé með henni og að starfsmenn þurfi að gæta að staðsetningu handa og skuli vara sig á að fara inn fyrir hlífir véla. Því hafi ekki verið mótmælt að stefnandi sé menntaður blikksmiður og hafi unnið hjá stefnda B ehf. í fimm ár áður en hún hafi slasast. Verði að ætla að henni hafi mátt vera ljós hætta af því að vera með fingur

innan við öryggishlíf sem hægt hafi verið að stilla eftir þörfum, auk þess sem því hafi ekki verið mótmælt að stefnandi hafi stjórnað vélinni með fótapedala. Ekki komi fram í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins að það hafi talið vinnuvélina vanbúna og verði ekki séð að frekari kröfur hafi verið gerðar um efnislega uppfærslu áhættumats samkvæmt 65. gr. laga nr. 46/1980 eftir slysið. Því taldist stefndi B ehf. hafa gert nægar varúðarráðstafanir með áhættumati sínu og ekki væri sýnt fram á að sá stefndi bæri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni stefnanda vegna saknæmrar háttsemi starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna og var stefnandi því ekki talin eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu stefnda B ehf. hjá meðstefnda.

Stefndi Sjóvá-Almennrar tryggingar hf. viðurkenndi á hinn bóginn bótaskyldu úr slysatryggingu launþega sem stefndi B ehf. var með í gildi hjá tryggingafélaginu á slysdagi. Með matsbeiðni [...] öfluðu aðilar sameiginlega matsgerðar til mats á varanlegri læknisfræðilegri örorku stefnanda vegna slyssins. Í matsgerð læknisins C, [...] var meðal annars komist að þeirri niðurstöðu að varanleg læknisfræðileg örorka stefnanda væri [...] og fór uppgjör bóta úr launþegatryggingunni fram 21. nóvember 2024.

Meðal málgagna er einnig óundirrituð áhættugreining stefnda B ehf. sem ber með sér að vera vegna [...] þess stefnda og að hafa gilt til 1. febrúar 2024. Ein af fyrirsögnum þess gagns hljóðar um að rétt verklag og hegðun dragi úr slysaþættu. Þá er þess og að geta að í 6. lið matsins er fjallað um vinnu við beygjuvél og plötuklippur hvar meðal annars koma fram hinar tilvitnuðu leiðbeiningar í fyrrgreindum forsendum úrskurðar úrskurðarnefndar í váttryggingamálum að í skriflegu áhættumati vegna starfa við vélina komi fram að halda verði hæfilegri fjarlægð frá vél þegar klippt sé með henni og að starfsmenn þurfi að gæta að staðsetningu handa og skuli vara sig á að fara inn fyrir hlífar véla.

Enn fremur eru á meðal málgagna myndir af handbók þeirrar vélar staðsettar ofan á vélinni, dags. 3. og 4. september á síðasta ári, handbókin sjálf og íslensk þýðing á völdum blaðsíðum bókarinnar, hvar meðal annars er fjallað um að bókina ætti að lesa að minnsta kosti einu sinni af öllum þeim starfsmönnum sem vinna við vélina, um aðgát við notkun hennar og að vélin skuli einungis starfrækt af sérfræðingi sem lesið hafi bókina. Einnig ýmis læknisfræðileg gögn sem ekki er deilt um í málinu, þrjú ráðningarsamningar stefnanda við stefnda B ehf., váttryggingarskírteini þess stefnda vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs hjá meðstefnda, skilmálar tryggingarinnar og almennir skilmálar tryggingafélagsins og uppgjörskvittun milli stefnanda og stefnda Sjóvár-Almennra

trygginga hf. vegna bóta úr slysatryggingu launþega sem af hálfu stefnda var undirrituð með fyrirvara um metnar varanlegar afleiðingar og útlagðan kostnað stefnanda, auk þess sem áskilinn var réttur til að til að fylgja eftir kröfu í ábyrgðartryggingu vinnuveitanda. Á dómþingi 16. desember síðastliðinn var því lýst yfir af hálfu stefndu að ekki væri ágreiningur um að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni sem ekki hafi verið bætt úr slysatryggingu launþega. Sömuleiðis auk annars af hálfu aðila að ekki stæði til að leiða þann lækni til skýrslugjafar við aðalmeðferð málsins sem vann fyrrgreinda matsgerð eða að deila um læknisfræðileg atriði. Við aðalmeðferð málsins var því jafnframt lýst yfir af hálfu stefndu að ekki væri heldur ágreiningur um að ætlað tjón stefnanda næði þeirri fjárhæð sem næmi eigin áhættu í fyrrgreindri ábyrgðartryggingu stefnda B ehf.

Stefnandi fékk gjafsóknarleyfi vegna máls þessa með bréfi dómsmálaráðuneytisins 3. apríl á síðasta ári. Hún gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins, en einnig sem vitni D, fyrrum starfsmaður [...] stefnda B ehf. sem gegndi því starfi þegar slysið átti sér stað en var erlendis í fríi á slysdegi, og E, [starfsheiti] [...], sem einnig gegndi því starfi þegar slysið átti sér stað. Verður vitnað til framburða eftir því sem þörf þykir krefja í kafla IV dómsins. Að morgni aðalmeðferðardags fóru dómarrar og lögmenn aðila á vettvang og voru stefnandi og vitnið E meðal þeirra sem viðstaddar voru þá skoðun.

II

Af hálfu stefnanda er byggt á því með vísan til læknisfræðilegra gagna málsins, einkum fyrrgreindrar matsgerðar, að hún hafi lögvarða hagsmuni af málshöfðun þessari. Hún geri í málinu kröfu um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefndu og telur skilyrði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þar uppfyllt.

Af hennar hálfu er byggt á því að skilyrði sakarreglu skaðabótaréttar séu uppfyllt svo og reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Líkamstjóni stefnanda hafi þannig verið valdið með saknæmri og ólögmætri háttsemi stefnda B ehf. og starfsmanna þess stefnda. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins greini svo frá orsökum slyssins að við skoðun á vél hafi komið í ljós að starfsfólk hafi getað komist inn á hættusvæði hennar án þess að hún stöðvaðist og að það ylli því slysaþættu. Þá hafi stofnunin gefið fyrirmæli og leiðbeiningar um úrbætur þar sem meðal annars hafi sagt að þegar hætta væri á viðkomu við tækjahluta á hreyfingu þannig að slys gæti hlotist af skyldu hafðar á þeim hlífar eða annar viðeigandi búnaður sem hindraði að unnt væri að komast á hættusvæði, eða stöðvar hreyfingar þeirra hluta, áður en á hættusvæði sé komið. Skýrsla þessi sýni þannig sök stefnda B ehf. svo ekki verði um villst.

Þá hafi stefndi B ehf. með hirðuleysi brotið gegn lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja.

Hvað varði brot gegn lögnum byggir stefnandi á því að rekja megi slysið til hættueiginleika vélarinnar og skorts á öryggi á vinnustað sem stefndi B ehf. hafi borið ábyrgð á. Vinnustaður skuli þannig úr garði gerður að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta, sbr. 42. gr. laganna. Þá segi í 46. gr. þeirra laga að vélar, tæki og búnaður skuli þannig úr garði gerður að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Þá skuli haga vinnu og framkvæma þannig að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Fylgja skuli viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varði aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sbr. 37. gr. sömu laga, sem sé á ábyrgð atvinnurekanda að tryggja, sbr. 13. gr. laganna. Stefndi B ehf. hafi í engu sinnt þessum skyldum sínum og brotið gegn öllum framangreindum lagaákvæðum með þeim afleiðingum að stefnandi hafi slasast í umrætt skipti.

Það hafi verið á ábyrgð [starfsheiti] og yfirmanna stefnda B ehf. að greina hættueiginleika vélarinnar en ekki stefnanda. Sérstaklega hafi verið mikilvægt fyrir [starfsheiti] og yfirmenn að greina hættuna í ljósi þess að starfsmönnum líkt og stefnanda hafi verið óheimilt að eiga við öryggisstillingar tækisins, þ.e. að losa þá öryggishlíf sem um ræði og færa hana neðar. Þar sem stefndi B ehf. hafi bannað starfsmönnum sínum að eiga við hlífina hafi sú skylda atvinnurekandans að hafa hana rétt stillta verið enn ríkari.

Hvað viðkomi brotum stefnda B ehf. gegn reglugerð nr. 367/2006 byggir stefnandi á því að þeim stefnda hafi sem eiganda tækisins borið að tryggja að starfsmenn gætu notað það án þess að setja sig í hættu. Í I. viðauka reglugerðarinnar sé fjallað um lágmarkskröfur til tækja á vinnustöðum. Þar segi í grein 2.8 að þegar hætta sé á viðkomu við tækjahluta á hreyfingu þannig að slys geti hlotist af skuli hafðar á þeim hlífar eða annar viðeigandi búnaður sem hindri að unnt sé að komast á hættusvæði eða stöðvar hreyfingu þeirra hluta áður en á hættusvæði er komið.

Þá byggir stefnandi á því að hún hafi fengið ófullnægjandi upplýsingar og þjálfun um notkun tækisins, sbr. 7. og 8. gr. reglugerðarinnar. Enda segi í handbók tækisins að það skuli einungis notað af sérhæfðum starfsmönnum sem lesið hafi handbókina. Þessa handbók hafi stefnandi aldrei fengið að sjá og efist raunar um að hún sé til á vinnustaðnum. Sérstaklega mikilvægt hafi verið fyrir stefnda B ehf. að kenna stefnanda á tækið, þar sem

hún hafi ekki verið menntuð blikksmiður. Þá skuli og tekið fram að merkingar sem nú séu á tækinu hafi verið settar upp eftir slysið.

Þá bendir stefnandi á að samkvæmt dómafordæmum Hæstaréttar sé unnt að líta til viðurkenndra leiðbeiningarsjónarmiða um sök. Í fyrsta lagi hve mikil hætta hafi verið á að tjón yrði af þeirri háttsemi sem um ræði. Í öðru lagi hve mikið tjón hafi verið líklegt að af henni leiddi. Í þriðja lagi hve auðvelt eða erfitt hafi verið fyrir tjónvald að gera sér grein fyrir hættu á tjóni. Loks í fjórða lagi hvaða ráðstafanir hafi verið unnt að gera til að koma í veg fyrir tjón. Þegar litið sé til þessara leiðbeiningarsjónarmiða þyki sök stefnda B ehf. sérlega skýr að mati stefnanda.

Í fyrsta lagi fylgi því að mikil hætta að hafa öryggishlíf stórhættulegs tækis of hátt uppi, þannig að starfsmenn komist inn á hættusvæði þess. Þá skapist sú hætta að starfsmenn sem noti tækið fari óvart inn á hættusvæðið og hljóti líkamstjón af. Í öðru lagi sé ljóst að mikið og alvarlegt tjón geti hlotist af þeirri háttsemi að hafa öryggishlíf of hátt uppi þannig að hún gegni ekki hlutverki sínu. Þá skapist hætta á alvarlegum slysum eins og líkamstjón stefnanda beri með sér. Í þriðja lagi hafi verið mjög auðvelt fyrir stefnda B ehf. að gera sér grein fyrir þeirri miklu hættu á tjóni sem fylgt hafi ófullnægjandi öryggishlíf. Sá stefndi hafi verið og sé eigandi tækisins og eigi því að vera búinn að greina hættueiginleika þess. Hafi sá stefndi mátt vera meðvitaður um að öryggishlíf, sem enga raunverulega vörn hafi gefið, væri til þess fallin að veita starfsmönnum falskt öryggi gegn hættulegum aðstæðum. Í fjórða lagi hafi verið mjög auðvelt fyrir stefnda B ehf. að koma í veg fyrir líkamstjón stefnanda. Þannig hefði verið auðvelt fyrir þann stefnda að lækka öryggishlífinu svo hún veitti raunverulega vörn.

Jafnframt byggir stefnandi á því að hún hafi ekki sýnt af sér gáleysi. Í þeim efnunum vísar stefnandi til þess að á fyrri stigum hafi stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. virst byggja á því að stefnandi sjálf hafi sýnt af sér aðgæsluleysi sem valdið hafi slysinu, en því sé alfarið hafnað. Stefnandi sé ekki menntuð blikksmiður og hafi einungis starfað hjá stefnda B ehf. í um eitt ár þegar slysið hafi orðið. Þá hafi hún fengið ófullnægjandi leiðbeiningar um tækið. Enn fremur komi fram í skýrslu vinnuveitanda stefnda B ehf. til stefnda Sjóvár-Almennra trygginga hf., dags. [...] 2023, að stefnandi hafi ekki sjálf átt sök á slysinu.

Stefnandi gerir kröfu um að stefndu verði óskipt dæmdir til greiðslu málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Um málskostnaðarkröfu vísist til XXI., sbr. XX., kafla laga nr. 91/1991 og um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun vísast til laga nr.

50/1988 um virðisaukaskatt. Að öðru leyti vísar stefnandi um lagarök máli sínu til stuðnings til almennra reglna skaðabótaréttarins, þar á meðal sakarreglu íslensks réttar og reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Þá er vísað til laga nr. 46/1980, einkum 13., 37., 42., 46. og 65. gr. a þeirra laga. Sömuleiðis til skaðabótalaga nr. 50/1993 og laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, þar af um aðild stefnda Sjóvá-Almennra trygginga hf. til 44. gr. þeirra laga. Þá vísar stefnandi til reglugerðar nr. 367/2006 og viðauka hennar. Þá er vísað til laga nr. 91/1991, þar á meðal um varnarþing vísast til 33. gr. og 1. mgr. 42. gr. þeirra laga.

III

Stefndu hafna öllum málsástæðum stefnanda og byggja á því að stefnandi eigi ekki rétt til greiðslu skaðabóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs sem stefndi B ehf. hafði keypt hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og var í gildi á slysdegi. Stefndu byggji sýknukröfu sína á því að ósannað sé að tjón stefnanda megi rekja til saknæmrar háttsemi stefnda B ehf. eða starfsmanna hans eða annarra atvika sem stefndi B ehf. beri skaðabótaábyrgð á að lögum.

Tildrög slyssins hafi verið þau að stefnandi hafi verið að klippa blikkplötur í klippum [...]. Hún hafi sett fingur undir öryggishlíf og hafi pinnar sem haldi við blikkplötuna sem átt hafi að klippa farið ofan á vinstri vísifingur hennar. Byggi stefndu á því að stefnandi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem leiða skuli til þess að hún þurfi að bera tjón sitt sjálf, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. Klippunum sé stjórnað með fótapedala. Þegar pedalanum sé ýtt niður með fæti fari fyrst niður pinnar til að halda við plötuna sem klippa eigi og því næst klippurnar. Stjórnanda beri því að taka hendurnar frá þegar hann stígi á pedalann.

Þá vísa stefndu til þess að stefnandi hafi áður unnið hjá stefnda B ehf., þ.e. frá árinu [...] í sama starfi, og hafi þar af leiðandi áður unnið við þessar sömu klippur. Í [...] hafi hún svo aftur hafið störf hjá stefnda B ehf. Því liggi fyrir að stefnandi hafi starfað hjá stefnda B ehf. í samtals fimm ár þegar slysið hafi átt sér stað og því sé ljóst að hún hafi vel vitað hvernig vélin virkaði. Vélin hafi ekki verið vanbúin á slysdegi heldur hafi stefnanda borið að taka hendurnar frá áður en hún hafi stigið á fótapedalann. Stefndu byggji þannig á því að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að slysið sé að rekja til saknæmrar háttsemi stefnda B ehf. eða starfsmanna hans og því séu skilyrði bótaábyrgðar ekki uppfyllt.

Jafnframt hafna stefndu því að aðbúnaður á vinnustaðnum hafi verið ófullnægjandi og að stefndi B ehf. hafi brugðist skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 46/1980 um

aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum. Máli sínu til stuðnings vísi stefnandi sérstaklega til 13., 37., 42. og 46 gr. laganna. Fyrsta ákvæðið sé almenns eðlis, en þar segi einfaldlega að atvinnurekandi skuli tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Þá segi í 37. gr. þeirra laga að vinnu skuli haga og framkvæma þannig að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Enn fremur sé kveðið á um það í 42. gr. sömu laga að vinnustaður skuli þannig úr garði gerður, að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Loks segir í 46. gr. laganna að vélar o.fl. skuli þannig úr garði gerðar að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Stefnu telja stefnanda ekki hafa sýnt fram á það með málatilbúnaði sínum að stefndi B ehf. hafi brotið gegn þessum lagaákvæðum. Þvert á móti hafi stefndi B ehf. fullnægt öllum skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 46/1980 og reglum settum samkvæmt þeim. Því sé ljóst að við-eigandi búnaður hafi verið á tækinu sem uppfylli jafnframt grein 2.8 í I. viðauka reglugerðar nr. 367/2006.

Stefnu geti heldur ekki fallist á að stefnandi hafi fengið ófullnægjandi upplýsingar og þjálfun um notkun tækisins, sbr. 7. og 8. gr. sömu reglugerðar, líkt og stefnandi byggir á. Sem fyrir greini hafi stefnandi unnið við umræddar klippur í samanlagt fimm ár og því verið öllum hnútum kunnug og hafi fengið fullnægjandi leiðbeiningar um tækið.

Þá skuli, vegna tilvísunar stefnanda til handbókar tækisins, tekið fram að bókin hafi verið tiltæk á vinnusvæðinu og verið það frá því að stefndi B ehf. hafi keypt vélina fyrir rúmum áratug. Einnig liggja fyrir að vélin sé CE-merkt og hafi stefndi B ehf. einnig verið búinn að greina hættueiginleika tækisins eins og fram komi í fyrirliggjandi áhættumati. Því sé ljóst að vélin hafi á engan hátt verið vanbúin á slysdegi.

Slysið verði því ekki rakið til sakar stefnda B ehf. eða starfsmanna hans, eða til þess að aðbúnaði, vinnuaðstæðum, áðurnefndri vél, verkstjórn eða leiðbeiningum hafi verið áfátt. Í fyrrgreindu áhættumati stefnda B ehf. komi fram að starfsmenn verði að gæta að staðsetningu handa við notkun klippivélar og þess að þær fari ekki inn fyrir öryggishlífar. Slysið verði því rakið til stórkostlegs gáleysis stefnanda sem hafi falist í því að hún hafi ekki gætt að staðsetningu handa við notkun vélarinnar og stigið á pedalann á meðan hún hafi enn verið með hendurnar við öryggishlífina. Verkið hafi verið einfalt og í ljósi aldurs og reynslu hafi mátt ætla að stefnandi gæti unnið það með öruggum hætti.

Stefnandi hafi ekki samkvæmt framangreindu sýnt fram á að slys hennar verði rakið til saknæmra mistaka stefnda B ehf. eða starfsmanna hans. Þá hafi hún ekki sýnt fram á

að slys hennar verði rakið til saknæms vanbúnaðar sem stefndi B ehf. hafi getað borið ábyrgð á gagnvart stefnanda. Að öllu framangreindu virtu telji stefndu ljóst að þá beri að sýkna af öllum kröfum stefnanda. Verði ekki fallist á að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða byggi stefndu samhliða á því að orsök slyssins hafi verið óhappatilviljun.

Hvað varakröfu stefndu áhræri sé á því byggt að í öllu falli þurfi stefnandi að bera tjón sitt sjálf að verulegu leyti og byggi á sömu málsástæðum og vegna aðalkröfu eftir því sem við eigi.

Þá telja stefndu óhjákvæmilegt að vísa til þess að með breytingalögum nr. 105/2024 sem tekið hafi gildi 1. janúar 2025 hafi ný málsgrein bæst við 81. gr. laga nr. 46/1980. Með henni sé girt fyrir að umsögnum Vinnueftirlits ríkisins sé beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum. Telji stefndu ákvæðið sýna vilja löggjafans til þess að rannsóknir eftirlitsins hafi ekki þann tilgang að benda á sök eða ábyrgð. Áréttað sé í lögskýringargögnum að tilgangur breytingarinnar sé að tryggja að rannsóknir og úttektir stofnunarinnar þjóni fyrst og fremst forvarnarsjónarmiðum. Þannig byggi stefndu á því að allar tilvísanir stefnanda til þess að skýrsla Vinnueftirlitsins sýni sök séu haldlausar.

Um lagarök vísa stefndu til ákvæða skaðabótalaga nr. 50/1993 og almennra reglna skaðabótaréttar, einkum um sök og orsakatengsl, sönnun og sönnunarbyrði. Vísað sé til laga nr. 46/1980, og reglugerða og reglna settum samkvæmt þeim. Um málskostnaðarkröfu vísa stefndu til XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum til 130. og 131. gr. laganna.

IV

Ágreiningur aðila hverfist um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefnda B ehf. og rétt stefnanda til greiðslu bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu þess stefnda hjá meðstefnda vegna líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir í vinnuslysi [...] 2023. Stefnandi byggir á því að tjón hennar sé afleiðing af saknæmri og ólögumætri háttsemi stefnda B ehf. og starfsmanna hans. Slysið megi rekja til hættueiginleika klippivélar sem um ræði og skorts á öryggi á vinnustaðnum í trássi við ákvæði laga nr. 46/1980 og reglugerðar nr. 367/2006. Nánar tiltekið greinir aðila þannig á um hvort háttsemi stefnda B ehf. sé saknæm og bótaskyld á grunni reglunnar um vinnuveitendaábyrgð eða hvort stefnandi verði að bera tjón sitt sjálf, eftir atvikum að hluta vegna eigin sakar í því tilviki að fallist yrði á saknæma háttsemi stefnda B ehf., eða hafi orsakast af óhappatilviljun. Svo sem rakið hefur verið í lokum kafla I dómsins deila aðilar á hinn bóginn ekki um læknisfræðileg atriði eða um hvort stefnandi hafi orðið fyrir tjóni sem ekki hafi verið bætt úr slysatryggingu

launþega. Þá lýtur deila þeirra heldur ekki að því hvort tjón nái fjárhæð eigin áhættu ábyrgðartryggingar stefnda B ehf. hjá meðstefnda.

Vegna kröfugerðar stefnanda verður allt að einu gætt að því að ágreining aðila ber stefnandi undir dóm til viðurkenningar á ætluðum réttindum sínum gagnvart stefndu á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að höfða mál til að leita viðurkenningardóms um kröfu hafi aðili lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands. Heimildin er þannig háð því að sá sem höfðar mál til viðurkenningar á skaðabótaskyldu hafi lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr þeirri kröfu sinni. Í framkvæmd hefur í úrlausnum Hæstaréttar og Landsréttar verið lagt til grundvallar að beiting heimildarinnar sé háð þeim skilyrðum að sá sem höfði mál þurfi að leiða nægar líkur að því að hafa orðið fyrir tjóni af nánar tilteknu tilefni, geri grein fyrir því í hverju tjónið felist og hver tengsl þess séu við atvik máls.

Tildrög slyss stefnanda og aðstæður á slysstað þykja að mestu leyti óumdeild og upplýst með vísan til þeirra skjallegu gagna sem í aðalatriðum eru rakin í kafla I dómsins og framburða fyrir dómi. Ágreiningur aðila er samkvæmt framansögðu aftur á móti að mestu sprottinn af ólíkri túlkun sakarmats og er það því í aðalatriðum úrlausnarefni dómsins. Óumdeilt er að stefnandi slasaðist við vinnu [...] stefnda B ehf. [...] 2023. Hún bar um það fyrir dómi að hafa í það sinn unnið við að klippa 5 mm eftir endilöngu af 300 cm x 8 cm blikkplötu fyrir viðskiptavininn [...]. Styðja hafi þurft við plötuna svo skurðurinn yrði beinn þar sem land vélarinnar hafi verið skakkt. Það hafi hún gert með breiðu fangi, ekki séð plötuna undir öryggishlíf og innan við og talið hlíf vélarinnar vera á sínum stað. Er hún hafi klippt hafi hólkur, sem setja hafi átt þrýsting á plötuna til að halda henni kyrrri, farið ofan á fingur. Taldi hún að slysið hefði ekki hent hefði öryggishlífin stoppað hana. Bar hún um að framkvæmdin hafi verið erfið, en starfsfólk hafi ekki upplifað sig í hættu heldur lagt of mikið traust á vélina. Hún hafi velt því fyrir sér í umrætt sinn hvort hún gæti klippt ein og talið sig geta það þar sem hún hafi gert það áður.

Í fyrrgreindum tilkynningum til Vinnueftirlits ríkisins og Sjúkratrygginga Íslands frá 16. og 23. sama mánaðar greinir meðal annars að hlíf á klippum hafi verið lækkuð eftir slysið svo ekki væri hægt að koma fingri undir hlífina og báru stefnandi og vitnin D, sem jafnframt starfaði [...] stefnda B ehf., en var erlendis í fríi á slysdegi, og E, [starfsheiti] [...], einnig um að þekkja til þess í skýrslugjöfum fyrir dómi að hlífin hafi verið lækkuð eftir slysið. Þá þykir og upplýst með vísan til framlagðra ljósmynda af vélinni, annars

vegar í skýrslu Vinnueftirlitsins og hins vegar mynda lögðum fram af stefnanda sem sagðar eru teknar í júní á síðasta ári, en einnig með framburði fyrrgreindra vitna og því sem fyrir augu bar við vettvangsgöngu, að viðvörunarmerkingum vélarinnar hafi verið fjölgað. Jafnframt að bætt hafi verið við festingum öryggishlífarinnar þannig að hlífin er eftirleiðis í fastri hæð, andspænis því að áður var unnt að stilla hæð hennar, svo sem vitnið E staðfesti einnig við aðalmeðferðina.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins greinir enn fremur að við skoðun hafi komið í ljós að starfsfólk hafi getað komist inn á hættusvæði vélarinnar án þess að hún stöðvaðist sem ylli því slysahefðu, auk þess sem mælt var fyrir um það í niðurlagi skýrslunnar að við-eigandi búnaður yrði að hindra að hægt væri að komast þangað eða stöðva hreyfingu hluta áður en á hættusvæði væri komið. Er þess þá gætt að skírskotun dómsins til skýrslu stofnunarinnar að þessu og öðru leyti tekur mið af því að slysið átti sér stað fyrir þann tíma sem 5. gr. laga nr. 105/2024 jók nýrri 3. mgr. 81. gr. við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum við gildistöku fyrrnefndu laganna 1. janúar 2025. Þannig verður 3. mgr. 81. gr. laga nr. 46/1980 ekki beitt afturvirkkt um áður tilkomna skýrslu eftirlitsins, sbr. dóm Hæstaréttar 18. mars síðastliðinn í máli nr. 31/2025. Í hinu nýja ákvæði er mælt fyrir um að skýrslum Vinnueftirlits ríkisins um rannsókn einstakra vinnuslysa, óhappa og mengunar, sbr. 1. mgr. [sömu greinar], skuli ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum auk þess sem rannsókn stofnunarinnar skuli ekki miða að því að ákvarða sök eða ábyrgð.

Þá er til þess að líta að fyrir dómi var vitnið E þess fullviss að áhættumat stefnda B ehf. hefði alltaf verið kynnt nýjum starfsmönnum sem hafi undirritað það. Matið hafi verið endurnýjað árlega og að mestu verið óbreytt. Henni sjálfri hafi verið kynnt matið og hún kynnt það [...] starfsmönnum. Þá hafi handbók vélarinnar einnig verið til staðar ofan á vélinni og öllum aðgengileg. Hún sjálf hafi séð þegar F, starfsmanni [...], hafi verið kynnt bókin og einnig ónafngreindum [starfsheiti]. Fyrir dómi könnuðust á hinn bóginn hvorki stefnandi né vitnið D við að áhættumatið hefði verið kynnt starfsfólki fyrir slysið [...] 2023. Stefnandi kvað einu skiptin sem hún hafi séð áhættumat hafa verið er hún hafi unnið verk á starfstöð [...] og þá þurft að kvitta undir slíkt mat, en þess háttar mat hafi hún ekki séð hjá stefnda B ehf. Kvað vitnið D sér eingöngu hafa verið kynnt áhættumat af G [starfsheiti] eftir slysið, en slíkt gagn hafi hann ekki séð áður en stefnandi slasaðist. Kvaðst hann aldrei hafa séð handbók tækisins þau þrjú ár sem hann starfaði [...]. Kvað stefnandi handbókina ekki hafa verið kynnta sér af stefnda B ehf., en starfs-

fólk verið láta vita að hún væri þarna. Einu skiptin sem hún hafi skoðað bókina hafi verið þegar vélin hafi farið í stopp og þá hafi starfsfólk reynt að finna það í handbókinni hvernig ætti að koma henni af stað.

Að mati dómsins þykir, að virtri þeirri stoð sem framburður stefnanda um að henni hafi ekki verið kynnt fyrrgreint áhættumat fær í framburði vitnisins D, og þess að fyrir dóminn hefur einvörðungu verið lagt óundirritað áhættumat sem ber með sér að hafa átt að gilda til 1. febrúar 2024, verða að leggja til grundvallar að stefnanda hafi ekki verið kynnt áhættumatið eða að hún fengið slíka kynningu á hættueiginleikum vélarinnar með vísan til handbókar tækisins, þó svo að sannað þyki að handbókin hafi verið til staðar. Er þá og gætt að því, sbr. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að vitnið E starfar enn í dag hjá þeim stefnda og verður að meta framburð hennar að þessu leyti, samkvæmt því sem að framan er rakið, í því ljósi. Í öllu falli njóti stefnandi réttmæts vafa þar um.

Þó þykja fullyrðingar stefnanda um að legið hafi á verkefninu sem hún vann í umrætt sinn fyrir viðskiptavininn [...] vera ósannaðar og að auki ekki geta hafa sérstaka þýðingu við sakarmat. Aftur á móti þykir sýnt að það hafi aukið á hættueiginleika vinnu stefnanda í ljósi hæðarstillingar öryggishlífar vélarinnar að viðtekið var að nýta utanaðkomandi blikkefni betur en efni sem stafaði frá stefnda B ehf., svo sem hvort tveggja stefnandi og vitnið E báru um við aðalmeðferð, sér í lagi þegar unnið var með svo granna renninga eins og stefnandi klippti til.

Að framangreindu virtu þykir stefndi B ehf. hafa vanrækt ríkar skyldur sínar til að gæta fullnægjandi öryggis á vinnustað er stefnandi slasaðist í umrætt sinn vegna saknæms frávíks frá skyldu til að takmarka slysaáætlu. Þykir í ljós leitt að stefnandi hafi ekki notið viðhlítandi kynningar á fyrirliggjandi áhættumati eða hættueiginleikum vélarinnar, sbr. 7. og 8. gr. reglugerðar nr. 367/2006, þó að henni hafi eins og öðrum, og vegna nokkurrar reynslu sinnar, verið unnt að vara sig á almennum hættueiginleikum vélarinnar. En án tillits til þess gat umrædd öryggishlíf hennar hvort sem er ekki þjónað þeim tilgangi að veita starfsfólki raunhæfa vörn þar sem það gat vegna hæðarstillingar öryggishlífarinnar komist með fingur á hættusvæði hennar. Gat CE-merking vélarinnar svo búinnar ekki aukið á öryggi hennar. Þannig verður stefndi B ehf. að bera sakarábyrgð á vangá starfsmanna sinna er hlífinni var komið svo fyrir að hún veitti falskt öryggi og án þess að sýnt sé stefnandi hafi getað haft þar vitneskju um, sjálf stillt hlífina þannig eða haft til þess heimild. Svo búin klippivélin tryggði ekki öryggi á vinnustaðnum sem meta

verður vinnuveitandanum til sakar og í andstöðu við 13., 42. og 46. gr. laga nr. 46/1980 og grein 2.8 í I. viðauka reglugerðar nr. 367/2006.

Hvað viðkemur ætlaðri eigin sök stefnanda vegna stórkostlegs gáleysis, í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 eða almennra reglna skaðabótaréttar, er upplýst með vísan til ráðningarsamninga hennar, sem eru í samræmi við framburð hennar fyrir dómi og málatilbúnað aðila, um að hún hafi starfað hjá stefnda B ehf. samanlagt í rúm fimm ár. [...]. Þá kvaðst hún við aðalmeðferðina hafa lokið einu ári í fjarnámi í blikksmíði en orðið að hætta og að um 20–30% starfs hennar hafi verið við umrædda vél. Ekki hefur komið fram að annað sé réttara eða er því haldið fram. Þannig þykir reynsla stefnanda leiða til þess að almennt megi gera að nokkru ríkari kröfur til hennar vegna vinnu við vélina, sem hún sinnti þó aðeins í framangreindu hlutfalli, en óreyndari starfsmanna, að gættum öðrum eftirfarandi viðmiðum.

Þannig verður einnig að taka mið af því að hvort tveggja stefnandi og vitnið E báru um það fyrir dómi að ekki hafi verið verklagsregla [...] að fleiri en einn starfsmaður klipptu blikkplötur af þeirri stærð sem um er að tefla, en þær hafi þó rætt sín á milli að það væri betra. Verður skylda þess efnis heldur ekki ráðin af öðru því sem fyrir liggur í málinu. Báru báðar um að hafa unnið slíkt verk einar, þar af vitnið E alltaf með hjálpartækjum og nefndi í því sambandi þykkari plötur en þá sem klippt væri, svo ekki þyrfti að nota fingur til að styðja við efni, en gott væri að tveir ynnu við erfið verkefni. Starfsfólki hafi ekki verið kennt að nota þykkara blikk við slíkt verk, heldur fattað það sjálft og lært hvert af öðru. Að þessu virtu verður ætluð eigin sök stefnanda, í ljósi þess sem fyrir liggur, ekki leidd af því að henni hefði borið að óska liðsinnis við verk sitt eða verið það rétt í ljósi aðstæðna þar sem samstarfsfólk hafi verið nærri er hún vann það verk sem hún taldi sig færa um að framkvæma ein. Þannig þykja frásagnir stefnanda og vitnisins E um hve margir voru í sama rými og stefnandi eða nálægum, en þær frásagnir voru ekki á eina lund, ekki koma til nánari skoðunar, frekar en það sem fram kemur í skýrslu stefnda B ehf. til meðstefnda 10. [...] 2023 um að enginn sjónarvottur hafi verið að slysinu.

Þá er og til þess að líta að óupplýst er í hvaða hæð öryggishlíf vélarinnar var stillt á slysdegi, svo sem unnt hefði verið að upplýsa hefði hlífin áfram verið í sömu hæð er Vinnueftirlitinu barst tilkynning um slysið næsta dag og mætti til skoðunar eftir að hlífin hafði verið lækkuð, sbr. það sem greinir í tilkynningunni. Ekki liggur heldur fyrir hve lengi stefnandi hafði fyrr um daginn eða dagana á undan unnið við vélina með öryggishlíf hennar stillta í þá hæð sem hún var í er stefnandi slasaðist, en ekki er loku fyrir það skotið

að þessi atriði, líkt og upplýsingar í skoðunar- og eftirlitsskýrslu samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 367/2006, hefðu getað varpað skýrara ljósi á hvort stefnanda yrði virt til eigin sakar á þeim lagagrunni sem stefndu tefla til hvernig hún stóð að verki í ljósi reynslu sinnar. Auk þess telur dómurinn vinnulag stefnanda að öðru leyti, einkum að hafa með breiðu fangi stutt við blikkrenning að þessari lögun í umrætt sinn, sem kominn var undir öryggishlífina og henni var ætlað að nýta vel, ekki hafa vikið frá tíðkanlegu verklagi við þær aðstæður sem fyrir hendi voru. Að öllu virtu þykir reynsla stefnanda eða það fjarnám í blikksmíði sem hún hóf á sínum tíma ekki vera til þess fallið að varpa á hana slíkri sakarábyrgð við þær öryggisaðstæður sem að framan greinir, að metið verði henni til eigin sakar á grunni 23. gr. a skaðabótalaga eða almennra reglna skaðabótaréttar, hvorki í heild né að hluta.

Þá er með hliðsjón af framangreindu gætt að því að auðsýnt þykir að dómurinn telur ekki koma til álita að umrætt atvik hafi orsakast af óhappatilviljun, eins og stefndu byggja öðrum þræði á, heldur af saknæmri háttsemi. Sömuleiðis þykir stefnandi, eins og hagar til í málinu og að framan er rakið, hafa leitt nægar líkur að tjóni sínu í skilningi 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 sem bæta skuli úr frjálsri ábyrgðartryggingu stefnda B ehf. hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf., en í málinu er ekki fjallað um umfang þess tjóns.

Að öllu virtu verður því fallist á dómkröfu stefnanda um viðurkenningu á skaðabótaábyrgð stefnda B ehf. og rétt stefnanda til greiðslu bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu þess stefnda hjá meðstefnda vegna þess líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir í vinnuslysi [...] 2023.

Stefnandi hefur sem fyrr greinir gjafsóknarleyfi vegna reksturs þessa máls. Undir rekstri þess tók lögmaðurinn Hrefna Þórsdóttir við því af Hrafnkatli Odda Guðjónssyni lögmanni og flutti það fyrir stefnanda og verður málflutningsþóknun ákvörðuð því til samræmis. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun sem miðað við umfang málsins og rekstur þykir hæfilega ákveðin 2.000.000 króna og skiptist milli lögmannna samkvæmt því sem í dómsorði greinir. Í samræmi við dómvenju er þóknun lögmannna ákveðin án virðisaukaskatts. Enn fremur verður látið við það sitja að ákveða fjárhæð þóknunar lögmannna, án þess að tekin verði afstaða til annars kostnaðar stefnanda af málinu, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 22. apríl 2015 í máli nr. 634/2014.

Eftir úrslitum málsins, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, verða stefndu dæmdir til að greiða óskipt 2.075.250 krónur í málskostnað er renni í ríkissjóð, sbr. 4. mgr. 128. gr. laga nr. 91/1991.

Hákon Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan sem dómsformaður, ásamt meðdómsmönnum Bergþóru Ingólfisdóttur héraðsdómara og Einari Rafni Viðarssyni, vél- og orkutæknifræðingi og blikksmíðameistara.

Dómsorð:

Viðurkennd er skaðabótaábyrgð stefnda B ehf. og réttur stefnanda, A, til greiðslu bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu þess stefnda hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. vegna þess líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir í vinnuslysi [...] 2023.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Hrefnu Þórsdóttur, sem þykir hæfilega ákveðin 1.050.000 krónur, og þóknun lögmannsins Hrafnkels Odda Guðjónssonar, sem þykir hæfilega ákveðin 950.000 krónur.

Stefndu greiði óskipt 2.075.250 krónur í málskostnað sem renni í ríkissjóð.

Hákon Þorsteinsson
Bergþóra Ingólfisdóttir
Einar Rafn Viðarsson